

Alþingi
Erindi nr. P 133/868
komudagur 8.2.2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 06.02.2007
Tilv. 164/2006 – 1.05.02
AEÓ

Erindi: Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga, 409. mál, heildarlög.

Lýðheilsustöð fagnar því að unnið sé að nýjum lögum um æskulýðsmál og þakkar veitt tækifæri til að gefa umsögn sína.

5. og 6. grein

Hlutverk æskulýðsráðs er m.a. „Að stuðla að þjálfun og menntun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða”. Í lögnum er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinum lágmarks kröfum um menntun, reynslu eða bakgrunn þeirra sem skipa æskulýðsráð. Í greinargerð þessara greina kemur m.a. fram að ráðið hafi staðið fyrir útgáfu námsefnis gegn sjálfsvígisatferli ungs fólks. Ef æskulýðsráð á að standa fyrir þjálfun, menntun og/eða útgáfum hlýtur að þurfa að gera lágmarks kröfur til þeirra er ráðið skipa.

7., 8., og 9. grein

Í III. kafla laganna er fjallað um Æskulýðssjóð en sami einstaklingur er formaður bæði Æskulýðsráðs og Æskulýðssjóðs auk þess sem ráðið tilnefnir tvo fulltrúa til setu í sjóðnum. Lýðheilsustöð vill benda á að óheppilegt sé að sömu aðilar séu í hópi umsækjenda um fjármuni í sjóð og komi með tillögur um úthlutun úr sjóðnum.

10. grein

Í frumvarpinu kemur fram að starfsfólki og sjálfboðaliðum í skipulögðu æskulýðsstarfi sé óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna. Lýðheilsustöð fagnar þessu en vill benda á að þar sem tóbaksnotkun skapar ekki síður mikið heilbrigðisvandamál, og áfengis- og vímuefnanotkun, þá sé mikilvægt að banna einnig notkun tóbaks í slíku starfi og þá jafnt munn-, neft- og reyktóbak. Hlutverk þessa starfsfólks sem fyrirmyndir er mjög mikilvægt. Æskilegra væri því að orða setninguna svo: Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum er forustufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki óheimilt að neyta tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Bls. 1/3

12. grein

Lýðheilsustöð tekur undir mikilvægi rannsókna á högum, líðan og hegðun ungs fólks og að byggja skuli á niðurstöðum slíkra rannsókna við uppbyggingu æskulýðsstarfs og annars starfs er varðar ungt fólks í landinu. Hins vegar er nauðsynlegt að þau ráðuneyti sem fara með málefni ungs fólks samræmi rannsóknir á þessu sviði. Samræming rannsóknastarfs minnkar líkur á að lagðar séu fyrir rannsóknir sem ekki er þörf fyrir, enda mjög mikilvægt að rannsóknarstarf sé ekki of íþyngjandi fyrir starfsmenn og nemendur skólanna en fyrirlagnir rannsókna fara nær ætíð fram í kennslustund. Því er lögð áhersla á að áður en lagt er í æskulýðsrannsóknir, sem kostaðar eru af ríkinu, sé metið hver þörfin sé, hvenær best sé að gera hverja rannsókn fyrir sig og hvernig.

Eins og staðan er í núna þá fara æskulýðsrannsóknir fram á vegum fleiri ráðuneyta en menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisráðuneyti sinnir einnig rannsóknum á högum ungs fólks og er nokkur skörun á milli rannsókna þessara ráðuneyta, bæði hvað varðar efnistöð, tíma fyrirlagna og aldur barna sem lagt er fyrir. Þetta þýðir að jafnvel gæti átt sér stað að verið sé að spyrja sömu börnin svipaðra eða sömu spurninga tvisvar sinnum í einum og sama mánuðinum. Ekki þarf að orðlengja hvaða áhrif þetta hefur á skólustarf í landinu.

Tafla 1. Nokkrar helstu fyrirhugaðar rannsóknir á högum, líðan og hegðan nemenda í grunn- og framhaldsskóla

	2006		2007		2008		2009		2010	
Bekkur	LHS	R&G	LHS	R&G	LHS	R&G	LHS	R&G	LHS	R&G
5. bekkur				UF						
6. bekkur	HBSC			UF					HBSC	
7. bekkur				UF						
8. bekkur	HBSC	UF		VÍM		VÍM		UF	HBSC	VÍM
9. bekkur		UF		VÍM		VÍM		UF		VÍM
10. bekkur	HBSC	UF	ESPAD	VÍM		VÍM		UF	HBSC	VÍM
Framhaldssk.				UF						UF

Skýringar við töflu:

LHS: Rannsóknir í samstarfi við Lýðheilsustöð

R&G: Rannsóknir Rannsókna & greininga

HBSC: Heilsa og lífskjör skólanema, fjölþjóðleg samanburðarrannsókn gerð á fjögurra ára fresti

ESPAD: Áfengis-, tóbaks- og vímuefnaneysla. Evrópsk samanburðarrannsókn gerð á fjögurra ára fresti

UF: Ungt fólk rannsóknir

VÍM: Innland rannsókn á vímuefnaneyslu grunnskólanemenda

Auk þessa er ljóst að grunnskólastjórar fá fjölmargar beiðnir um að á skólatíma séu fyrirlagnir vegna rannsókna frá mörgum öðrum aðilum, s.s. frá Námsmatsstofnum og háskólaþólki.

Til að auka líkur á samræmingu, skýra verkaskiptingu, hlutverk og nýtingu á almannafé er mikilvægt að í ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir séu aðilar sem sinna rannsóknum á ungu fólki á Íslandi en ekki eingöngu aðilar æskulýðssamtaka og sveitarfélaga. Þá er nauðsynlegt að þau rannsóknagögn sem safnað er fyrir opinbert fé séu opin og aðgengileg fyrir opinberar stofnanir, rannsakendur og fræðimenn er vilja vinna faglega úr slíkum gögnum, þjóðinni og vísindasamfélaginu til framdráttar. Má í þessu sambandi nefna að þau gögn sem aflað hefur verið undir merkjum rannsóknarinnar *Ungt fólk* á vegum menntamálaráðuneytisins hafa fram til þessa ekki verið opin öðrum aðilum til úrvinnslu en þeim sem sjá um söfnun þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að fjölmörg sveitafélög hafi stuðst við niðurstöður rannsókna *Ungt fólk*. En á það er bent að þegar sveitafélag þarf að kaupa rannsóknaniðurstöðurnar frá einkafyrirtæki, sem þó hefur safnað gögnunum fyrir opinbert fé, þá getur komið upp sú staða að sveitarfélagið hafi ekki fjárhagslega getu til kaupanna og getur þar af leiðandi ekki nýtt sér niðurstöður umræddra rannsókna á unga fólkinu í sveitarfélaginu. Þessi sveitafélög verða því af mikilvægum upplýsingum um stöðu ungmenna og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og geta þar af leiðandi ekki brugðist við þó fyrirliggjandi upplýsingar sýni að þess sé þörf. Lýðheilsustöð ítrekar því mikilvægi þess að gögn sem safnað er fyrir opinbert fé verði að vera aðgengileg því fólki sem þarf á þeim að halda í sínu starfi og að ekki eigi að þurfa að greiða sérstaklega fyrir þau. Þetta getur ýtt undir mismununun milli stærri og minni sveitarfélaga.

Undir starfsemi Lýðheilsustöðvar falla m.a. málefni barna og unglinga í víðum skilningi. Þar fer fram lýðheilsustarf, s.s. heilsuefning og forvarnir, tengt börnum og unglungum í öllum málaflökkum sem heyra undir starfssemi stöðvarinnar. Til að Lýðheilsustöð geti sinnt starfi sínu og lögbundnu hlutverki þarf hún óheftan aðgang að rannsóknargögnum og hefur í þeim tilgangi byggt upp gott samstarf við innlenda háskóla og ekki síður leik- og grunnskóla. Lýðheilsustöð hefur aflað gagna í grunn- og leikskólum bæði meðal nemenda og stjórnenda og unnið úr þeim gögnum fyrir sveitafélög, þeim að kostnaðarlausu, auk þess að nýta upplýsingar á annan hátt í starfi sínu.

Að framansögðu vill Lýðheilsustöð láta í ljós það álit sitt að það yrði afar miður ef 12. gr. æskulýðslaga yrði til þess að einu fyrirtæki í landinu væri falið að stunda æskulýðsrannsóknir sem safnað er fyrir opinbert fé og að kaupa þyrfti úrvinnslu frá fyrirtækinu þegar ýmsir aðilar s.s. Lýðheilsustöð og háskólar í landinu búa yfir þekkingu til að vinna úr gögnum sem þessum, háskólasamfélagið til vísindalegra starfa og Lýðheilsustöð til að sinna sínu lögbundna rannsóknahlutverki að því að vera stjórnvöldum til ráðgjafar á sviði lýðheilsu (lög: 18/2003).

Virðingarfyllst,

Anna E. Ólaf.

Anna Elísabet Ólafsdóttir,
forstjóri Lýðheilsustöðar